

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Reykjahlíðar.

#### 1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

#### 2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatns-  
magn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi  
eftirlitsmanns hitaveitu.

Hitaveitunni er heimilt að takmarka með hemli vatnsrennsli að húsi eftir því sem þörf krefur og  
er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

#### 3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða skv. vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns miðað við  
vatnshita í tengibrunni þar sem stofnæð og heimtaug/dreifikerfi mætast, sem hér segir:

- |  |        |
|--|--------|
| a) Fyrir vatn 80°C og heitara greiðast | kr. 86 |
| b) Fyrir vatn 70°-79°C greiðast        | kr. 69 |
| c) Fyrir vatn 69°C og kaldara greiðast | kr. 52 |

Hitaveitunni er heimilt að færa notendur milli gjaldflokka þar sem einstakar heimtaugar eru það  
langar að ætla má að um verulega kólnun sé að ræða í þeim.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar áætla hitaveitan vatnsnotkunina  
með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla ef þess er óskað.

#### 4. gr.

Fyrir hverja húsveitu (1. mæli) er greitt fast mánaðargjald sem fer eftir stærð mælis sem hér  
segir:

- |                            |           |
|----------------------------|-----------|
| a) Fyrir mæli allt að ¾"   | kr. 748   |
| b) Fyrir mæli 1"-2"        | kr. 1.507 |
| c) Fyrir mæli 3" og stærri | kr. 3.003 |

#### 5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafin mánaðarlega, þegar eftir mælaálestur. Þó er heimilt  
að láta líða lengri tíma en einn mánuð milli álestra og fækka gjalddögum. Óski notandi þess að lesið  
sé af mæli hans utan reglubundins álestratíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur,  
skal hann greiða fyrir það gjald kr. 682.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð.  
Ber gjaldanda að greiða reikninginn í bönkum, sparisjóðum og öðrum greiðslustöðum þar sem hita-  
veitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöld fyrir orkunotkun eru ekki greidd innan 30 daga frá útsend-  
ingardegi reiknings.

#### 6. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

<i>Hús 400 – 2.000 m<sup>3</sup></i>	<i>kr.</i>
Fyrir 400 m <sup>3</sup>	138.171
og fyrir hvern rúmmetra umfram 400 m <sup>3</sup>	120
Hús stærri en 2.000 m <sup>3</sup>	329.703
og fyrir hvern rúmmetra umfram 2.000 m <sup>3</sup>	96
Öll gjöld í þessari grein miðast við utanmál húsa.	
Stofngjald fyrir hvern mæli umfram einn á sama inntaki er	18.348

Lóðarhafar greiða auk heimtaugargjalds kostnað við lagningu heimæðar frá stofnað hitaveitu að húsvegg fyrir lengd lagnar umfram 50 metra.

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 7 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er auk kr. 1.364 í hvert skipti.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot af hitaveitunni til annars en húshitunar svo sem heypurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunni heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 280, 17. mars 2010.

*Iðnaðarráðuneytinu, 4. mars 2011.*

F. h. r.

**Kristján Skarphéðinsson.**

Inga Ósk Jónsdóttir.